# föstudagur

FYLGIRIT FRÉTTABLAÐSINS

14. október 2011




## SÓLEY STEFÁNSDÓTTIR

Stígur loks ein fram í sviðsljósið

- ÞÓRA KARÍTAS Á FLEYGIFERÐ
- AIRWAVES-TÍSKAN
- YFIRHEYRSLAN


VERÐ

Kr. 29.950

FRÁBÆR KAUP

@tt.is

Allt tölvutengt á betra verði

SÆKTU EÐA FÁÐU SENT • SENDINGARKOSTNAÐUR AÐEINS KR. 850 HVERT Á LAND SEM ER • VERSLUN Í BÆJARLIND 1-3 • 201 KÓPAVOGI • SÍMI 569 0700 • WWW.ATT.IS

AOC

FLOTTUR LED SKJÁR

24"

AOC E2440VA

24" LCD LED skjár með 1920x1080p upplausn, 5ms svartíma, e-Saver, e-Sensor, i-Menu, innbyggðir hátalarar, D-SUB, DVI-D ofl.

# núna

✻ Tónlist og gleði



**MUNDI SÝNIR SUMARTÍSKU** Fatahönnuðurinn Mundi ætlar að frumsýna fatalínu sína fyrir sumarið 2012 í Gamla bíói á morgun. Línan ber heitið „Chained and dumped in the ocean“ og hefst sýningin klukkan 14.30. Á sama tíma á efstu hæð Gamla bíós verður svo myndlistarsýning MOM´S og er húsið opið til 18.00.

## meðmælin

### Nýtt í verslunarflóruna



Fataverslunin Kassetta var opnuð á Laugavegi 36 í gær. Sesselja Hlín Jónasardóttir og Óskar Sveinsson standa að baki versluninni sem selur fatnað á bæði kynin auk hinna sívinsælu Lomo-myndavéla. Í búðinni verður hægt að kaupa „second hand“ fatnað í bland við erlend fatamerki og íslenska hönnun. Afgreiðslutími er frá 11 til 18 á virkum dögum og frá 11 til 17 á laugardögum.



### Brjáluð tónlist á Bakkusi

Tónlistarhátíðin B-Waves fór af stað á skemmtistaðnum Bakkusi með pompi og prakt á miðvikudaginn var. Hátíðarhöldin ná þó hápunkti nú um helgina þegar sveitir á borð við Hjaltalín, Mammút, Reykjavík!, Hjálma, Krumma og Less Win koma fram. Aðgangur er ókeypis og nánari dagskrá má finna á Facebook-síðu Bakkusar.


HAUSTVÖRUR



í miklu úrvali
stærðir: S-XXL
Verið velkomin
Motivo
Hönnun, tíska og gjafavara
Austurvegi 9 Selfossi Motivo.is





AUGLÝSINGAR Í SÉRBLÖÐUM

Sérblöð Fréttablaðsins eru fjölbreytt og höfða til fólks á öllum aldri. Fjöldi mismunandi sérblaða kemur út í hverjum mánuði. Leitaðu ráða hjá ráðgjöfum okkar um hvar auglýsingin þín nær best til markhópsins.

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
10 ÁRA 2001-2011
FRÉTTABLAÐIÐ

AUGLÝSING Í SÉRBLÖÐUM SKILAR ÁRANGRI!

Benedikt Freyr Jónsson S: 5125411, gsm 8235055 benediktj@365.is
Ívar Örn Hansen S: 5125429 , gsm 6154349 ivarorn@365.is
Sigríður Dagný S: 5125462, gsm 8233344 sigridurdagny@365.is

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup apríl – júní 2011





BYLGJAN 25 ÁRA 989
Heimir & Kolla
vakna með þér í bítið
Fréttir, fróðleikur og frábær tónlist alla virka morgna kl. 6.50 – 9.00






**Glöð með búningavalið** Leikkonan Þóra Karítas Árnadóttir skartar flottum búningi í anda Twiggy og Edie Sedgwick í hlutverki sínu í leikritinu Svört kómedía hjá Leikfélagi Akureyrar.

Þóra Karítas á fleygiferð milli landshluta

# Búningurinn mótaði karakterinn

Búningurinn getur skipt leikarann svo miklu máli og gaman þegar búningahönnuðurinn er tilbúinn til að setja sig inn í hlutverkið og taka þátt í ferlinu með manni,“ segir Þóra Karítas Árnadóttir leikkona sem leikur í Svartri kómedíu sem Leikfélag Akureyrar frumsýnir í kvöld.

Þóra Karítas lagði mikið upp úr því að finna rétta búninginn við hlutverk sitt í leikritinu, sem á sér stað á sjöunda áratugnum. Þóra sótti því innblástur til breska fatahönnuðarins Mary Quant, sem sá meðal annars til þess að mínipilsin og lituðu sokkabuxurnar komu fram á sjónarsviðið.

„Ég hef verið að horfa á bíómyndir eins og Nowhere Boy og To Sir, with Love til að setja mig inn í tíðarandann en leikritið var skrifað í kringum 1965,“ segir Þóra Karítas sem er í nánu samstarfi við Helgu Mjöll búningahönnuð og þurftu þær meðal annars að panta fatnað á netinu til að fá það sem þær leituðu eftir. „Við pöntuðum stígvélin á netinu, sem eru tvílit og svo saumaði Helga kjólinn í stíl. Það var virkilega gaman að þróa þetta í sameiningu.“

Það er nóg að gera hjá Þóru um þessar mundir en hún er kynnir raunveruleikaþáttarins Hannað fyrir Ísland. Þættirnir eru teknir upp í Reykjavík um helgar og er Þóra því á fleygiferð milli landshluta. Þóra segist varla muna hvaða dagur er. „Það var erfitt að hafna hlutverkinu þegar María Sigurðardóttir leikhússtjóri hafði samband, þó að ég hafi í raun ekki tíma til að sinna því. María er svo yndisleg og góður leikstjóri og forréttindi að fá að vinna með henni,“ segir Þóra Karítas sem skemmtir sér mjög vel fyrir norðan enda með þrjá sambýlismenn.

„Ég bý með leikurunum Árna Pétri Guðjónssyni, Guðmundi Ólafssyni og Einari Aðalsteinssyni, sem leika með mér og við skiptum bróðurlega á milli okkar eldamennsku og fáum hláturskköst til skiptis. Það er einmitt gaman að segja frá því að við höfum verið að æfa okkur að vera í myrkri vegna þess að verkið gerist mestan part í rafmagnsleysi. Ég komst að því að ég stari bara blint út í myrkrið, eitthvað sem ég ætla að endurspegla á sviðinu,“ segir Þóra og bætir við hlæjandi að hún hafi ætla að setja status um kvöldæfingarnar á samskiptasíðuna Facebook en hætt við þar sem það lítur ekki vel út að hún sé ein að æfa í myrkri með þremur karlmönnum. **alfrun@frettabladid.is**

Beyoncé hannar meðgöngulínu:

# Kynþokkafull á meðgöngunni

Söngkonan Beyoncé tilkynnti umheiminum um óléttu sína er hún tróð upp á VMA-verðlaunahátíðinni fyrir skemmstu. Nú hefur söngkonan upplýst lesendur Bazaar um að hún vinni að nýrri meðgöngulínu.

Beyoncé stofnaði tískumerkið House of Deréon ásamt móður sinni, Tinu Knowles, árið 2006 og klæðist gjarnan fatnaði frá merkinu við hin ýmsu tækifæri. Mæðgurnar vinna nú í sameiningu að hönnun nýrrar meðgöngulínu fyrir verðandi mæður. „Ég vil hanna fatnað fyrir óléttar konur sem fær þær til að finnast þær flottar og kynþokkafullar meðan á meðgöngunni stendur. Víð og flæðandi efni eru til dæmis mjög klæðileg á meðgöngunni, en ég vil líka geta gengið um í pinnahælunum mínum,“ sagði söngkonan í viðtali við Bazaar.



**Á ný mið** Beyoncé og móðir hennar, Tina Knowles, hanna nýja meðgöngulínu. NORDICPHOTOS/GETTY


föstudagur

**Útgáfufélag** 365 miðlar ehf. **Umsjón** Sara McMahon **Forsíðumynd** Anton Brink **Útlitshönnun** Kristín Agnarsdóttir **Auglýsingar** *Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is*
**Föstudagur** Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík, sími 512 5000



the PIER
FOR YOUR HOME
...LD OF INSPIRATION
FYRIR HEIMILIÐ
Á VERÐI SEM KEMUR Á ÓVART!
25% AF BORÐSTOFUBORÐUM OG STÓLUM
SNYRTIBORÐ
69.900.-
NÁTTBORÐ/HLIÐARBORÐ
34.900.-
STÓLL
7.435.-
VAR: 9.900.-
STÆKKANLEGT HRINGBORÐ
29.925.-
VAR: 39.900.-
KÖKUDISKUR
STÓR
3.990.-
MINNI
2.990.-
KARÖFLUR
690/990.-
STANDUR FYRIR MATREIÐSLUBÓK
4.990.-
SERVÉTTUSTANDUR
3.590.-
TILBOÐ
VERÐ AÐEINS
199.900.-
NÚ BÆÐI HÆGRI OG VINSTRI LEGUBEKKUR
NÚ NÝR LITUR
BRÚNN 219.900.-
3 FYRIR 2
AF KERTUM
TILBOÐ Á VÖLDUM PÚÐUM
1.290.-
3 F 2
FRÁBÆRAR SNYRTIVÖRUR
FYRIR KONUR OG KARLA
BAÐSETT
3.490.-
25% AFSLÁTTUR
AF ÖLLUM GARDÍNUM
MIKIÐ ÚRVAL
DÆMI UM VERÐ:
ANDLITSKREM 2890.-
HANDÁBURÐUR 1990.-
HREINSIMJÓLK 2990.-
TAKTU FLEIRI
TILBOÐ
ILMIR
2490.- NÚ 1590.-
KERTI
VERÐ 129.-
TAKTU 10 Á 890.-
SJAMPÓ
HÁRNÆRING
STURTUSÁPA
1 STK. VERÐ 890.-
TAKTU 2 Á 1490.-
HANDSÁPA
VERÐ 590.-
TAKTU 2 Á 990.-
BAÐSALT
VERÐ 890.-
TAKTU 2 Á 1390.-
the PIER
SMÁRATORG 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# VILDI VERÐA DÝRALÆKNIR

**_Sóley Stefánsdóttir_ gaf nýverið út sína fyrstu sólóplötu, We Sink, og hefur hlotið mikið lof fyrir. Hún steig á svið í fyrsta sinn ein síns liðs á Airwaves á miðvikudaginn var.**

*Viðtal:* Sara McMahon
*Myndir:* Anton Brink

Þegar blaðamaður bankar upp á hjá Sóleyju er hún sjálf nýkomin heim. Hún hafði verið að spila í Kastljósi um morguninn, þaðan lá leið hennar í útvarpsviðtal á Rás 2 og seinna sama dag þurfti hún að mæta í hljóðprufu uppi í Hörpu því hún átti að koma fram á Airwaves það kvöld. Sóley gaf út sína fyrstu sólóplötu, We Sink, í haust og líkt og greina má hefur hún verið dugleg við að fylgja henni eftir.

Sóley gerði garðinn fyrst frægan með hljómsveitunum Seabear og Sin Fang Bous og segir tilviljun hafa í raun ráðið því að hún gaf út eigið efni. „Tomas Morr, eigandi plötuútgáfunnar Morr Music, spurði mig hvort ég ætti einhver lög til að senda honum. Ég sendi honum nokkur og allt í einu var ég komin með nóg efni í stuttskífu og í raun er breiðskífan óbeint framhald af henni," útskýrir Sóley, en stuttskífan kom út vorið 2010 og lofaði góðu um framhaldið.

Sóley steig á svið í Kaldalónssalnum í Hörpunni á miðvikudaginn var og viðurkennir að hún finni enn alltaf fyrir svolitlum fiðringi í maganum áður en hún stígur á svið. „Maður verður alltaf svolítið stressaður en núna kann maður betur að takast á við það. Það er allt öðruvísi að koma fram þegar ég er að spila mína eigin tónlist heldur en þegar ég kem fram með Seabear. Það sem er öðruvísi er athyglin á mér, ég þarf að tala á milli laga og syngja og þetta stendur svolítið og fellur með mér."

Þegar Sóley er spurð hvort það sé ekki tímafrekt að undirbúa sig fyrir eins stóra hátíð og Airwaves segist hún hafa fengið góða æfingu á tónleikaferðalagi sínu í september síðastliðnum. „Ég spilaði með og hitaði upp fyrir Sin Fang á tónleikaferðalagi í september og það kom sér mjög vel því ég og trommarinn minn náðum að spila okkur vel saman meðan á því stóð. En það er margt annað sem þarf að gera í kringum Airwaves eins og að fara í viðtöl og sinna öðrum uppákomum og það getur tekið sinn tíma."

## GRÆÐIR LÍTIÐ Á TÓNLIST

Sóley útskrifaðist sem tónsmiður frá Listaháskóla Íslands árið 2010 og stundar nú nám við FÍH auk þess sem hún kennir við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Hún segir stundum erfitt að samræma vinnu, nám og einkalífið við tónlistina og endalaus tónleikaferðalög um heiminn. „Það gengur af því að kærastinn minn er ótrúlega skilningsríkur og hjálpsamur. Þegar mér finnst þetta verða alltof mikið og eiginlega „fríka" út af stressi þá er gott að eiga góða að sem halda mér við hlutina," segir hún og brosir.

Hún segir tónleikahald gefa lítið í aðra hönd og að tónleikaferðalög þjóni fyrst og fremst sem kynning fyrir tónlistarmanninn. „Maður græðir voða lítið á tónleikaferðalögum og á sama tíma missir maður úr vinnu þannig að maður kemur sjaldnast út í miklum plús. Tónlistarmenn græða held ég mest á því að selja lög í auglýsingar, sjónvarpsþætti eða kvikmyndir. Seabear seldi einu sinni lag í sjónvarpsþáttinn Grey's Anatomy og við fengum einhverjar milljónir fyrir það, en helmingurinn fór til bókarans og svo deildist restin á okkur sjö þannig að þó þetta sé fínn peningur þá urðum við engir milljónamæringar."

Á tónleikaferðalögum reyna hljómsveitirnar að lifa spart, enda kostar uppihald, gisting og ökuferðir á milli staða sitt. Stundum kemur það þó fyrir að tónlistarfólkið fær allt greitt undir sig og minnist Sóley þess þegar hún dvaldi eitt sinn á 5 stjörnu hóteli í Þýskalandi. „Mér skilst að þetta hafi verið einhver viðburður til að vekja athygli á gróðurhúsaáhrifunum og Seabear var flogið til Berlínar og komið fyrir á 5 stjörnu hóteli. Við spásseruðum þar um í hvítum sloppum og kíktum í spa og það var alveg frábært. En oftast eru ferðalögin þannig að maður reynir að eyða sem minnstu og gista á ódýrum hótelum því peningurinn er fljótur að fara. Það þarf að borga bílaleigubíl, mat, gistingu, hljóðmanni og svo framvegis."

> *** „Bróðir minn var í lúðrasveit og ég man að ég öfundaði hann oft af því að vera í hljómsveit. Það er gaman að spila á píanó en það getur líka verið svolítið einmanalegt.**

## SPILAÐI Á SLAGVERK

Sóley hóf tónlistarnám aðeins fjögurra ára gömul og hefur stundað píanóleik frá átta ára aldri. Hún segir tónlistaráhugann loða við fjölskylduna því faðir hennar er básúnuleikari og tónlistarkennari, bróðir hennar er trompetleikari og yngri systir hennar leikur á horn. „Bróðir minn var í lúðrasveit og ég man að ég öfundaði hann oft af því að vera í hljómsveit. Það er gaman að spila á píanó en það getur líka verið svolítið einmanalegt og þess vegna ákvað ég að ganga til liðs við hljómsveit þegar ég var tólf ára og lærði á slagverk. Það var mjög skemmtilegt og ég kynntist fullt af frábærum krökkum sem eru enn vinir mínir í dag."



**Fjölhæfur tónlistarmaður** Sóley Stefánsdóttir spilar á fjölda hljóðfæra, þar á meðal píanó, gítar, bassa og harmonikku. Hún sló í gegn með fyrstu sólóplötu sinni sem kom út í haust.

Sóley er fjölhæfur tónlistarmaður og þótt hún leiki helst á píanó spilar hún einnig á gítar, bassa, trommur og á harmonikku auk þess að geta spilað einn tónstiga á trompet. „Maður getur svo sem gripið í ýmis hljóðfæri en ég held að margir tónlistarmenn geti gert það sama. Þetta er bara eitthvað sem lærist."

## VILDI VERÐA DÝRALÆKNIR

Sóley deilir heimili með fressinu Gosa og kærasta sínum, Héðni Finnssyni sem stundar myndlistarnám við LHÍ. „Við fengum Gosa fyrir tæpu einu og hálfu ári. Mér finnst mjög gaman að eiga kött því þeir eru svo miklir karakterar og skemmtilega sjálfstæð dýr," segir Sóley og viðurkennir að hún sé mikill dýravinur og að hana hafi dreymt um að gerast dýralæknir þegar hún var barn.

„Ég átti alltaf bara hamstra þegar ég var yngri því stóri bróðir minn var með ofnæmi fyrir köttum og hundum. Helst langar mig að eiga fleiri ketti og hesta og líka hund. Mig langaði alltaf að verða dýralæknir þegar ég var lítil, eða alveg þar til ég áttaði mig á því að það fylgir starfinu að þurfa að svæfa dýrin. Ég man líka að ég átti það til að elta konur sem voru í pelsum svo ég gæti klappað feldinum og ég á eina minningu af því að hafa hangið í pels gamallar konu í Kringlunni," segir hún hlæjandi.

Sóley og Héðinn eru sannkallað listamannapar og þegar blaðamað-





ur spyr hvaðan tekjur heimilisins koma, brosir hún og segir: „Með dósasöfnun. En svona í alvöru talað þá bara gengur þetta einhvern veginn. Ég hef aldrei verið jafn fátæk og núna eftir tónleikaferðalagið í september en hef náð endum saman með því að selja plötuna mína til vina og vandamanna og er því ótrúlega fegin að platan hafi komið út núna.“

## ÖNNUR SÓLÓPLATA Í BÍGERÐ

Þegar Sóley er að lokum spurð út í framtíðaráform sín segist hún ákveðin í að gefa út aðra sólóplötu. „Ég mun pottþétt gefa út aðra sólóplötu. Mér finnst líka mjög gaman að semja tónlist við kvikmyndir og leikrit og væri til í að vinna við slíkt í framtíðinni. Annars er það helst á döfinni að klára námið við FÍH,“ segir hún glaðlega.

## * myndaalbúmið



Píanóið mitt sem hljómar svo fallega. Ég sem alla tónlistina mína á þetta píanó og gæti ekki verið án þess.



Mega stuðmynd af mér og Héðni í brúðkaupinu hjá Hlín, systur Héðins, og Billa. Svona myndir sýna hvað lífið er ljúft!



Gaman, gaman með dýrunum.



Stuttskífan sem varð upphafið að sólóferlinum.




Tískulegir tónleikagestir

# Loðið og litríkt

Tónlsitarhátíðin Iceland Airwaves stendur nú yfir og er þetta í tólfta sinn sem hátíðin er haldin. Miðbær Reykjavíkur iðar af mannlífi, tónlist, gleði og vel klæddu fólki. Föstudagur leit við á Kex Hostel á miðvikudaginn var þar sem Gusgus steig á svið og hitaði mannskapinn upp fyrir komandi helgi.



**Nafn:** Elísabet Anna.
**Aldur:** 22 ára.
**Starf:** Háskólanemi.

**Nafn:** Sigríður Ásgeirsdóttir.
**Aldur:** 24 ára.
**Starf:** Háskólanemi.



**Nafn:** Ad Pontier.
**Aldur:** 30 ára.
**Starf:** Verkefnastjóri



**Nafn:** Heba Björg.
**Aldur:** 36 ára.
**Starf:** Starfsmaður E-Label

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



**Nafn:** Natasha Opfell.
**Aldur:** 22 ára.
**Starf:** Nemi.



**Nafn:** Guðrún Jóna Stefánsdóttir.
**Aldur:** 24 ára.
**Starf:** Starfar hjá Símanum.



**Nafn:** Sigga Kristín.
**Aldur:** 21 árs.
**Starf:** Starfar á Café Lyst í Kaupmannahöfn.

**Nafn:** Emma Heiðarsdóttir.
**Aldur:** 21 árs.
**Starf:** Myndlistarnemi.

purelogicol

Collagen til inntöku

Undraverður árangur innan frá
Fallegri, hraustari og unglegri líkami

» Hrukkur og línur sléttast út um 43%*
» Húðin á andliti og öllum líkama verður mýkri og þéttari um 35%*
» Aukin fylling í vörum
» Sterkari hár og neglur
» Frábært fyrir liðina, aukin liðugleiki og betri líðan
» Árangur sést og finnst eftir 3 vikur









Valið „favorite age-defying“ af tímaritinu MS London

*Húðgreining eftir 6 vikan inntöku á 2.4g af Pure Logicol collagen í blindprófs samanburði.

**Fæst í apótekum og Fríhöfninni**
Collagen er öflugasta byggingarprótín líkamans, 75% af húðinni er collagen en framleiðsla líkamans minnkar með aldrinum. Afleiðingar af collagenskorti er m.a slakari húð, hrukkur og stirðleiki í liðamótum og baki. Rannsóknir sýna að PureLogicol collagen stuðlar að endurnýjun og uppbyggingu á brjóski, sinum, liðum og stoðvefjum húðarinnar. Inntaka stuðlar einnig að betri svefni. Gefur fljótt betri líðan í liðamótum, líkaminn og húðin verður fjaðurmagnaðri aukin mýkt, unglegri og stinnari. Styrkir hár og neglur. Framleitt eftir: Edible Food Regulation nr. 1999/724 EC. GMP staðall.




# ELDFJALL

## FRUMSÝND 30. SEPTEMBER

ZIK ZAK FILMWORKS OG FINE & MELLOW KYNNA KVIKMYND EFTIR RÚNAR RÚNARSSON „ELDFJALL"
THEODÓR JÚLÍUSSON MARGRÉT HELGA JÓHANNSDÓTTIR ÞORSTEINN BACHMANN ELMA LÍSA GUNNARSDÓTTIR
HÁR OG FÖRÐUN GUÐBJÖRG HULDÍS KRISTINSDÓTTIR BÚNINGAHÖNNUN HELGA RÓS V. HANNAM LEIKMYND HAUKUR KARLSSON
TÓNLIST KJARTAN SVEINSSON HLJÓÐ INGVAR LUNDBERG KLIPPING JACOB SECHER SCHULSINGER KVIKMYNDATAKA SOPHIA OLSSON DFF
FRAMKVÆMDASTJÓRI RANNVEIG JÓNSDÓTTIR SAMFRAMLEIÐANDI HLÍN JÓHANNESDÓTTIR EXECUTIVE FRAMLEIÐANDI THOMAS GAMMELTOFT
FRAMLEIÐENDUR ÞÓRIR SIGURJÓNSSON SKÚLI FR. MALMQUIST EGIL DENNERLINE HANDRIT OG LEIKSTJÓRN RÚNAR RÚNARSSON
STYRKT AF NEW DANISH SCREEN KVIKMYNDASJÓÐI ÍSLANDS NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐNUM
LISTRÆN STJÓRN, NEW DANISH SCREEN JACOB HØGEL RÁÐGJÖF, NEW DANISH SCREEN KIM LEONA FORSTÖÐUMAÐUR NORRÆNA KVIKMYNDA- OG SJÓNVARPSSJÓÐSINS HANNE PALMQUIST FORSTÖÐUMAÐUR KVIKMYNDASJÓÐS ÍSLANDS LAUFEY GUÐJÓNSDÓTTIR

FINE & MELLOW ZIK ZAK DR TV2 ICELANDIC Film Centre NEW DANISH SCREEN



## YFIRHEYRSLAN

**Hallgerður Hallgrímsdóttir ljósmyndari, með gráðu í fatahönnun en vinnur fyrir sér með skrifum.**

**Ertu A eða B manneskja?** Ég trúi ekki á A manneskjur, ég held að fólk sem segist vera A sé bara betri leikarar en við hin. Þau eru ekkert í alvörunni búin að fara í sund. Verst að við B fólkið munum aldrei vakna nógu snemma til að komast að hinu sanna.

**Hvaða bók er á náttborðinu?** IKEA-bæklingurinn, Snow eftir Orhan Pamuk, Úrvalið eftir Einar Fal Ingólfsson og styrkumsókn frá manninum mínum.

**Uppáhaldslitur?** Hvítur af því að nú er að koma vetur.

**Nýjustu kaupin?** Bestu kaup lífs míns: 6 mánaða áskrift að Orðabók.is. Ef ég myndi reikna þetta út eins og maður gerir með fötin sín þá er ég örugglega komin niður í 10 krónur fyrir skiptið sem hún er notuð. Annars er ég bara enn þá að reyna að slíta út 2007 hælaskónum og sparka í mig fyrir að hafa ekki keypt fleiri pör þá.



**Hvað dreymir þig um að eignast?** Flugmiða til Víetnam, helst í febrúar þegar skammdegið er farið að smjúga inn í merg og bein. Mig dreymir reyndar líka um stað til að búa á en leigusalar mega leita mig uppi á Facebook.

**Uppáhaldshönnuður?** Á bak við EYGLO er mjög hæfileikarík kona með efnisvalið og hlutföllin á hreinu, þótt fólkið með alla peningana sé ekki búið að átta sig á því. Er ekki einhver sem getur gefið henni nokkrar milljónir? Svo finnst mér gaman hvað stelpurnar í Volka eru fjölhæfar og litríkar.



**Uppáhaldsdrykkur?** Pouilly-Fuissé en það er sjaldséður hvítvínshrafn.




Tíska, fegurð, hönnun, lífið, fólkið, menning og allt um helgina framundan

föstudagur

Auglýsendur vinsamlegast hafið samband:
Sigríður Dagný í síma 512 5462 eða sigridurdagny@365.is

Fylgstu með